



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

Reykjavík, 30. apríl 2019
SFS2019010196
8.2
HG/KG/shj

Borgarráð
Ráðhúsi Reykjavíkur
101 Reykjavík



Efni: Svar við framhaldsfyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um hvort börn hafi þurft að hætta á frístundaheimili vegna fjárhagsvanda - R18110255

Á fundi borgarráðs þann 14. mars 2019 var lögð fram fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um hvort börn hafi þurft að hætta á frístundaheimili vegna fjárhagsvanda foreldra - R18110255

Fyrirspurn:

Hversu mörg börn hafa hætt á frístundaheimili vegna þess að foreldri hefur ekkert aðhafst vegna vangreiddrar vistunarskuldar sinnar við borgina?

Í svari við fyrirspurn sem Flokkur fólksins hefur áður lagt fram um þetta kom fram að það eru þrjár leiðir í boði til að afturkalla uppsögn á vistun í frístundaheimili í þeim tilfellum sem foreldrar/forráðamenn hafa ekki greitt skuld sína. Einnig kom fram í svari að ef skuldari aðhefst ekkert þá mun barn þurfa að hætta í frístundastarfi. Af þessu hefur borgarfulltrúi Flokks fólksins miklar áhyggjur og óskar því eftir því að fá upplýsingar um hversu mörg börn hafa hætt á frístundaheimili vegna skuldar sem ekki hefur verið greidd eða samið um. Gott væri að fá þessar upplýsingar sem nær til síðustu 3ja ára.

Svar:

Frá febrúar 2017 til og með febrúar 2019 hafa 26 börn verið skráð hætt í dvöl á frístundaheimili vegna vanskila. Þar sem um talsvert tímabil er að ræða þá getur í einhverjum tilfellum verið um sömu börn að ræða, þ.e. að þau hafi hætt, skuldin svo verið gerð upp eða um hana samið og börnin hafið dvöl að nýju á öðru starfsári og fengið aftur uppsögn og hætt. Rétt er að benda á að varðandi þau 7 börn sem hættu 31.5.2018 þá var á þessum tíma skóla nánast lokið og ekki nema 2-3 dagar í júní sem eftir voru af vetrarstarfi frístundaheimilanna.

Í meðfylgjandi töflu má sjá nánari upplýsingar skiptar eftir tímabilum. Ekki liggja fyrir eldri upplýsingar en frá árunum 2017-2019.

Uppsögn send	Lokad. vistunar	Fjöldi barna sem hættu
feb.17	31.3.2017	1
mar.17	30.4.2017	0
apr.17	31.5.2017	0
okt.17	30.11.2017	0
nóv.17	31.12.2017	0
jan.18	28.2.2018	2
feb.18	31.3.2018	7
mar.18	30.4.2018	4
apr.18	31.5.2018	7
sep.18	31.10.2018	1
okt.18	30.11.2018	2
nóv.18	31.12.2018	0
feb.19	31.3.2019	2
		26

Lang stærsti hluti foreldra nýtir sér einhverja þá leið sem möguleg er til að uppsögn sé afturkölluð, greiðsla vanskila, samningur um að greiða niður vanskilin eða fá þá þjónustu hjá þjónustumiðstöð sem verklagsreglur vegna vanskila foreldra/forsjármanna varðandi þjónustu við börn, sem samþykktar voru í borgarstjórn 17. desember 2013, bjóða upp á. Mikilvægt er að efla enn frekar samstarf skóla- og frístundasviðs og velferðarsviðs til að styðja foreldra/forsjáraðila til að nýta sér þá leið sem útbúin var til að tryggja að börn verði ekki af nauðsynlegri grunnþjónustu vegna erfiðrar fjárhagsstöðu eða skuldavanda foreldra og sem lokaúrræði þegar búið er að reyna til þrautar aðrar leiðir.

Virðingarfyllst

Helgi Grímsson

sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs